

## Fundargerð

149. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra haldinn þriðjudaginn 4. desember n.k., kl. 13.30 á Fosshótel á Húsavík.

### Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**

2. **Gagnagrunnur Umhverfisstofnunar, tölvumál og samstarf við HNE.**

Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra stendur til boða að nýta sér hugbúnað sem Umhverfisstofnun hefur þróað og notar til gagnaskráninga og er fyrirhugað að reyna kerfið til skráninga á næstunni. HNE nýtur aðstoðar frá UST við að koma upp kerfinu og vegna aðlögunar það þörfum heilbrigðiseftirlitsins.

3. **Molta ehf, jarðgerðarstöð, Þveráreyrum í Eyjafjarðarsveit; staða mála varðandi mengunarvarnir.**

Heilbrigðisnefnd hvetur stjórn Moltu ehf eindregið til að gera sem allra fyrst ráðstafanir til að koma í vega fyrir að nágrennar jarðgerðarstöðvar á Þveráreyrum í Eyjafjarðarsveit verði fyrir óþægindum af völdum loft- og lyktarmengunar.

4. **Vinnustofa um leyfis- og afgreiðsluferla jarðvarmaverkefna; kynning.**

Skýrt var frá fundi um leyfis- og afgreiðsluferla jarðvarmaverkefna og hvers ber helst að gæta í ljósi reynslunnar og var m.a. rætt um einföldun starfsleyfa.

5. **Umsögn HNE varðandi skipulags- og matslýsingu áætlana vegna deiliskipulags fyrir Dettifossveg nr. 862 um Vatnajökulþjóðgarð í Norðurþingi.**

Kynnt var umsögn heilbrigðisfulltrúa vegna skipulags- og matslýsingar varðandi Dettifossveg nr. 862, m.a. hvað varðar frágang á efnistökusvæðum

6. **Rifós, kvíaeldisstöð í Kelduhverfi, fyrirhuguð vinna við deiliskipulag**

Kynnt var deiliskipulagsvinna í Kelduhverfi, m.a. vegna vatnsverndar

### Umsóknir um starfsleyfi:

1. Árni Sigurðsson, kt. 050577-3929, Katastöðum 671 Kópaskeri, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstri bars í félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn.

**Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**

2. Árskógarskóli, kt. 620598-2089, Árskógi, 621 Dalvík, umsókn um starfsleyfi fyrir leik- og grunnskóla (áður Leikbær og Grunnskóli Dalvíkurbyggðar).

**Samþykkt.**

**Önnur mál:**

Ákveðið að funda næst þann 6. febrúar á nýju ári.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.45

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður	Alfreð Schiöth
Sigurjón Jóhannesson	Þorkell Björnsson
Birna Jóhannesdóttir	Þórey Agnarsdóttir
Hafsteinn H. Gunnarsson	María Markúsdóttir
Steinn Karlsson	Þórir V. Þórisson
Kristín Halldórsdóttir	